

Heimaöndunarvélateymi Landspítala

Heimaöndunarvélateymi Landspítala (HÖT) sinnir fólki sem þarf á sérhæfðum öndunarstuðningi að halda, langoftast með innri eða ytri öndunarvél. Notkun öndunarvéla reynist stundum nauðsynleg í kjölfar lungnasjúkdóma og öndunarbílunar, sem orsakast af minnkandi styrk eða rýrnun vöðva vegna sjúkdóma eða slysa.

HÖT er þverfaglegt teymi hjúkrunarfræðinga og lækna sem kemur að mati, greiningu og meðferð og veitir sérhæfða þjónustu einstaklingum sem nota öndunarvél heima. Teymið leggur áherslu á samráð við sjúkling, aðstandendur og aðra sem koma að umönnun hans auk þess að veita fræðslu og stuðning.

Hlutverk HÖT er að:

- Meta öndunargetu og greina breytingar á öndun.
- Veita meðferð eftir þörfum hvers og eins.
- Fylgja meðferð eftir á göngudeild, með heimavítjunum og símtölum. Móttaka á göngudeild er yfirleitt á þriðjudögum eftir hádegi samkvæmt tímabókun.
- Veita starfsfólki Landspítala og annarra heilbrigðisstofnana á Íslandi ráðgjöf um meðferð og hjúkrun fólks sem þarfnast sérhæfðs öndunarstuðnings.
- Veita þeim sem nota sérhæfða öndunarmeðferð og aðstandendum þeirra, skipulagða fræðslu og hermipjálfun.

Markmið HÖT er að:

- Leggja til bestu meðferð sem völ er á hverju sinni, samkvæmt nýjustu þekkingu.
- Stuðla að sjálfræði og virðingu fyrir ákvörðunum sjúklings og aðstandenda varðandi meðferð.
- Veita aðgang að skilvirkri og sérhæfðri þjónustu.
- Mæta þörfum þeirra sem sinna fólki með sérhæfðan öndunarstuðning nauðsynlega fræðslu og aðstoð.

Opnunartími HÖT og símanúmer

HÖT starfar alla virka daga frá klukkan 08:00 til 16:00.

Hægt er að hringja í HÖT í síma 543 6040 á dagvinnutíma eða hringja beint í hjúkrunarfræðing í síma 824 3349 eða 620 2650

Í bráðatilvikum er hringt í vaktstjóra lungnadeildar sími 825 5037 eða leitað á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi.

Í neyðartilfellum er hringt í 112